

Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir beina örðum sínum til þín sem tryggingartaka okkar og samningsaðila.

A hluti – Bótaþættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

Þátturinn Ellilífeyrir - Framtíðarlífeyrir Klassík E70

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta
2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild
3. Bótaþegi og millifærsla bóta
4. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta
5. Samstarfsskyldur þínar
6. Samningsgerðar- og sölukostnaður
7. Undanþága frá greiðslu iðgjalds
8. Uppsögn
9. Möguleikar við samningsgerð

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna þær skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti og taka til tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð og iðgjaldsgreiðsluskyldu. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð
2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

Blaðsíða

1. Upphof tryggingarverndar
2. Tryggingarskíteini
3. Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu
4. Þýskur réttur
5. Varnarþing
6. Fyrning

Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmála er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggiingartaki.

A hluti – Bótáþættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

Þátturinn Ellilífeyrir - Framtíðarlífeyrir Klassík E70

Hér er að finna reglur þáttarins Ellilífeyrir.

Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum þá er í reglum þeirra fjallað um þáttinn Ellilífeyrir sem grunnþátt.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 **Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?**
- 1.2 **Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf lífeyristöku?**
- 1.3 **Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?**
- 1.4 **Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?**

1.1 Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?

Ef →hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði er á lífi lebt.

Ef samið var um →félagatryggingu og ef allir →hinir tryggðu eru á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri á meðan að minnsta kosti einn hinna tryggðu er á lífi.

Allt eftir því hvernig um var samið greiðum við lífeyrinn mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfss árs fresti eða einu sinni á ári, og alltaf á fyrsta →virka bankadegi eftir umsamda gjalddaga.

1.2 Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur í umsaminni Endurgreiðslu iðgjalds-Plús

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús og →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við bætur sem nema upphæð →bótahöfuðstóls þáttarins Ellilífeyrir (án tillits til hlutdeildar í hagnaði og án greiðslna úr fleiri þáttum sem hugsanlega var samið um).

En þó greiðum við að minnsta kosti bætur sem nema greiddum iðgjöldum fyrir þáttinn Ellilífeyrir.

(2) Bætur í umsaminni endurgreiðslu iðgjalds

Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds og →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við bætur sem nema greiddum iðgjöldum fyrir þáttinn Ellilífeyrir.

(3) Hærri bætur undir vissum krungumstæðum

Ef →hinn tryggði andast innan 3ja mánaða frá fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling, greiðum við höfuðstóll sem nemur 25.000 evrum, óháð bótum samkvæmt 1. og 2. mgr. Ef um fjölburafæðingar eða ættleiðingar fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega um fæðinguna eða ættleiðinguna innan þriggja mánaða lengist þessi tryggingarvernd við andlát í samtals sex mánuði.

1.3 Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur við umsamda greiðslu höfuðstóls við andlát án þáttarins Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku

Ef →hinn tryggði andast eftir upphaf lífeyristöku og ef

- samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ef
- ekki var samið um neinn þátt Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku

greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim tryggða lífeyri →frá upphafi lífeyristöku sem þegar hefur verið greiddur. Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

(2) Bætur við umsamda greiðslu höfuðstóls við andlát og umsaminn þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku

Ef sá sem síðast er á lífi (→hinn tryggði eða →hinn meðtryggði) andast og ef

- samið var um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og
- samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku,

þá greiðum við umsaminn höfuðstól, að frádreginni einni útborgaðri tryggðri lífeyrisgreiðslu úr þættinum Ellilífeyrir frá upphafi lífeyristöku, fyrir hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sem sá hefur lifað sem lengst lifði. Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

1.4 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

(1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- við útreikning á tryggðum bótum samkvæmt tölul. 1.1, 1.2, 2. mgr., sem og tölulið 1.3 í dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2012 R U“ (→töflur) og →reiknivextina 1,75 prósent eða, ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát, dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2012 T U“ (→töflur) og reiknivextina 1,75 prósent á →biótímanum.
- við útreikning á tryggðum bótum samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 →reiknivextina 1,75 prósent.

Ef samið var um fleiri þætti, auk þáttarins Ellilífeyrir, beitum við, við útreikning á tryggðum greiðslum úr þessum þáttum, frekari →töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þáttta.

(2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis vegna viðbótargreiðslna eða vegna hluta í hagnaði) beitum við, við útreikning á viðbótargreiðslum, ávaltt þeim reikniforsendum sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkanardegi og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar við hækken bóta. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á bótasjóði breytast á ný, eftir hækken bóta, getum við við síðari hækken bóta beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast við beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækken bóta.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar bætur hækka gilda þessar reglur einnig þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi köflum þessara tryggingarskilmála.

2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild samningsins í hagnaði gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hverjar eru réttarlegar forsendur fyrir hlutdeild í hagnaði?
- 2.2 Hvers vegna er ekki hægt að tryggja hæð hlutdeildar í hagnaði?
- 2.3 Hvaða tegundir hagnaðarhluta eru í boði?
- 2.4 Hverjir eru reiknistuðlar hluta tryggingarinnar í hagnaði?
- 2.5 Hvernig er hagnaðarhlutum tryggingarinnar ráðstafað?
- 2.6 Hvernig öðlast tryggingin hlutdeild í matssjóðunum?

2.1 Hverjar eru réttarlegar forsendur fyrir hlutdeild í hagnaði?

Við veitum þér hlutdeild í hagnaði og →matssjóðum (hagnaðarhlutdeild) samkvæmt 153. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG).

(1) Hlutdeild í hagnaði

a) Hagnaður reiknaður út

Hagnaðurinn er reiknaður út samkvæmt fyrirmælum verslunarlagha (HGB) og er tilgreindur árlega í ársreikningi okkar.

b) Sameiginleg lágmarkshlutdeild tryggingartaka

Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum okkar.

→ Tryggingartakar öðlast sameiginlega að minnsta kosti þann prósentuhlut af nettóhagnaði fjárfestinga sem ætlað er að standa straum af tryggingarbótum (3 gr. reglugerðar um lágmarkshlutdeild - MindZV) sem tilgreindur er í þessari reglugerð eins og hún er í gildi hverju sinni (nú 90 prósent). Af þessari upphæð eru fyrst tryggðar tryggingargreiðslu fjármagnaðar. Upphæðin sem eftir stendur jafngildir þeim hluta hagnaðar af fjárfestingum sem við ráðstöfum sem hlutdeild →tryggingartaka í hagnaði.

Frekari hagnaður verður til ef áhætta (til dæmis vegna breytinga á dánartíðni) eða kostnaður (til dæmis vegna sparnaðaraðgerða) reynast hagstæðari en áætlunar gerðu upphaflega ráð fyrir. Af þessum hagnaði fá →tryggingartakar einnig að minnsta kosti þann prósentuhlut sem tilgreindur er í reglugerð um lágmarkshlutdeild (MindZV) eins og hún er í gildi hverju sinni (nú 75 prósent af áhættuhagnaði og 50 prósent af öðrum hagnaði).

Í undantekningartilvikum má skerða lágmarkshlutdeild →tryggingartaka að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda (5. gr. reglugerðar um lágmarkshlutdeild - MindZV).

c) Varasjóður til endurgreiðslu iðgjalda

Þann hluta hagnaðar sem kemur í hlut →tryggingartaka leggjum við í →varasjóð til endurgreiðslu iðgjalda, svo framarlega sem þessum hagnaðarhluta er ekki þegar ráðstafað beint á formi svonefnndrar beingreiðslu inn á tryggingar sem eiga rétt á hagnaði. Hlutverk þessa varasjóðs er að jafna út hagnaðarsveiflur til lengri tíma litið. Yfirleitt má aðeins nota hann í hagnaðarhlutdeild tryggingartaka.

Samkvæmt reglum laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG) er okkur einungis í undantekningartilvikum heimilt að víkja frá þessari vinnureglu svo framarlega sem framlagið í varasjóð er ekki ætlað í fyrirfram ákveðna hluti í hagnaði.

d) Myndun tryggingaflokka

Hver og ein trygging leggur mismunandi mikið af mörkum til einstakra tegunda hagnaðar. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka:

- Hagnaðarflokka myndum við til dæmis til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð (svo sem andláts- eða örorkuáhættu).
- Undirflokkar miðast til dæmis við sérkenni samninga (svo sem upphaf tryggingar eða form iðgjaldagreiðslu).

Hagnaðartegundunum sem falla →tryggingartökum í skaut er dreift á einstaka flokka í samræmi við framlag flokkanna til myndunar hverrar tegundar hagnaðar fyrir sig.

Til hvaða flokks trygging þín telst má sjá í tryggingargögnunum.

e) Prósentuhlutir í hagnaði kunngerðir

Stjórn fyrirtækisins ákvarðar hæð →prósentuhluta í hagnaði að fengnum tillögum →ábyrgs tryggingafræðings. →Prósentuhlutir í hagnaði eru birtir árlega í ársskýrslu okkar sem hægt er að panta hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum þér frá þeim með öðrum hætti.

(2) Hlutdeild í matssjóðunum

→Matssjóðir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. →Matssjóðir tryggja öryggi og hlutverk þeirra er að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum.

Við veitum →tryggingartökum beina hlutdeild í þessum →matssjóðum samkvæmt 3. mgr. 153. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG).

→Verðgildi matssjóðanna, sem taka skal mið af samkvæmt eftirlitsákvæðum um hlutdeild samninga, endurmetum við reglulega í þessum tilgangi.

Verðgildinu sem þannig fæst ráðstöfum við á tryggingarnar samkvæmt tölul. 2.6.

Hlutdeildin er bundin því skilyrði að farið sé að þeim eftirlitsákvæðum sem gilda fyrir okkur um fjármögnun til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við skuldbindingar trygginganna (3. setning 3. mgr. 153 gr. laga um tryggingarsamninga - VVG).

→Matssjóðir eru tilgreindir í ársskýrslunni.

2.2 Hvers vegna er ekki hægt að tryggja hæð hlutdeilda í hagnaði?

Hæð hagnaðar fer einkum eftir vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði, þróun áhættu og kostnaðar. Hæð →matssjóða er einnig háð fjármagnsmarkaði. Þess vegna er ekki hægt að tryggja hæð hlutdeilda í hagnaði.

2.3 Hvaða tegundir hagnaðarhluta eru í boði?

(1) Árlegir hagnaðarhlutir

Allt eftir því hvaða flokki trygging þín tilheyrir (sjá 1. mgr. d) tölul. 2.1) veitum við í byrjun hvers tryggingarárs þættinum Ellilífeyrir hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutir).

a) Hlutdeild fyrir upphaf lífeyristöku

Árlegur hagnaðarhluti fyrir upphaf lífeyristöku felst í hluta í vaxtahagnaði. Auk þess getur fallið til Grunnhlutur í hagnaði sem og aukalegur hagnaðarhlutur.

b) Hlutdeild frá upphafi lífeyristöku

Árlegur hagnaðarhluti frá upphafi lífeyristöku er ákvarðaður út frá þeirri dánartíðnitöflu sem gildir um hagnaðarhlutdeildina (→töflur) og út frá ávöxtun.

(2) Hlutdeild í lokahagnaði

Auk þess getur bæst við hlutur í lokahagnaði við

- uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar eða við andlát fyrir upphaf lífeyristöku (samningslok) eða
- við byrjun greiðslu ellí- eða eftirlifendalífeyris.

Hluturinn í lokahagnaði samanstendur af venjulegum hlut í lokahagnaði. Hann getur minnkað við greiðslu höfuðstóls fyrir upphaf lífeyristöku (til dæmis við uppsögn) í hlutfalli við stöðu vaxta á fjármálamörkuðum. Nánar um þetta má lesa í ársskýrslu okkar. Til viðbótar við venjulegan lokahagnað getur fallið til viðbótarhlutur í lokahagnaði.

Hæð hluta í lokahagnaði ákvarðast að teknu tilliti til rekstrarrafkomu hverju sinni, vaxtaþróunar á fjármálamörkuðum og af þróun áhættu hverju sinni hvað bótilvik rekstrarársins varðar.

2.4 Hverjir eru reiknistuðlar hagnaðarhluta tryggingarinnar?

(1) Reiknistuðlar fundnr

Reiknistuðlarnir sem →prósentuhlutir í hagnaði miðast við ráðast einkum af tryggingarþættinum, aldri →hins tryggða eða, í →félagatrüggjungum, af aldri allra hinna tryggðou, af →biótíma og hæð tryggðs höfuðstóls eða tryggðs lífeyris. Þeir eru reiknaðir út skv. viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

(2) Reiknistuðlar árlegra hagnaðarhluta

a) Hagnaðarhlutar fyrir upphaf lífeyristöku

Reiknistuðull fyrir hluta í vaxtahagnaði og hluta í aukalegum hagnaði er →bótahöfuðstóll tryggingarinnar, sem við reiknum út í lok liðins tryggingarárs og afvöxtum fyrir eitt ár með →reiknivöxtum samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.4. Reiknistuðull hlutar í grunnhagnaði er framlagið í áhættusjóð.

b) Hagnaðarhlutar frá upphafi lífeyristöku

Árlegur hagnaðarhluti frá upphafi lífeyristöku ræðst einkum af því fjármagni sem fyrir hendi er til að fjármagna lífeyrisgreiðslur í framtíðinni og til að fjármagna hugsanlega umsama greiðslu höfuðstóls við andlát.

(3) Reiknistuðlar hluta í lokahagnaði

Reiknistuðull fyrir venjulegan hlut í lokahagnaði er →bótahöfuðstóll tryggingarinnar sem um ræðir á hverju liðnu tryggingarári.

Reiknistuðull fyrir aukalegan hlut í lokahagnaði er árlegur hagnaðarhluti þess tryggingarárs þegar úthlutunin fór fram.

2.5 Hvernig er hagnaðarhlutum tryggingarinnar ráðstafað?

(1) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta fyrir upphaf lífeyristöku inn á gjaldskrárbónus

a) Gjaldskrárbónus fjármagnaður

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða um þáttinn Höfuðstóll við andlát, ráðstöfum við árlegum hagnaðarhlutum úr þættinum Ellilífeyrir, að teknu tilliti til umsýslukostnaðar, í aukalega iðgjaldsfríu greiðslu (gjaldskrárbónus).

Það sama á við um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þáttu.

Sérhver gjaldskrárbónus á sína tilteknu hlutdeild í hagnaði. Árlegum hagnaðarhlutum úr gjaldskrárbónusi verður ráðstafað eins og lýst er í 1. setningu.

Árlegir hagnaðarhlutar eru bundnir til að fjármagna aukalegar iðgjaldsfríar bætur og þeim er ekki hægt að ráðstafa til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat á →framlagi í bótaþjóð ef þess skyldi gerast þörf, til dæmis vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í forsendum útreikninga.

b) Bætur úr gjaldrárbónus

Gjaldrárbónus samanstendur af sömu þáttum og tryggingin en í honum felst þó ekki þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysþórum. Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát er innifalinn samsvarar höfuðstóll við andlát í iðgjaldabónusi alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Að öðru leyti eru bætur úr bónusnum í sama hlutfalli innbyrðis og greiðslur úr tryggingu þinni með eftirfarandi undantekningu:

Ef þátturinn Örorkulífeyrir er innifalinn má örorkulífeyrir úr bónusnum ekki vera hærri en ellilífeyririnn úr þættinum Ellilífeyrir.

Við reiknum hækkan bóta úr gjaldrárbónus samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftirnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

(2) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta fyrir upphaf lífeyristöku inn á lifunarbónus

a) Lifunarbónus fjármagnaður

Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2, Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, eða ef ekki var samið um bætur við andlát, þá ráðstöfum við árlegum hagnaðarhlutum úr þættinum Ellilífeyrir í aukalega iðgjaldsfríu greiðslu (lifunarbónus), að teknu tilliti til umsýslukostnaðar. Það sama á við um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þáttu.

Sérhver lifunarbónus á sína tilteknu hlutdeild í hagnaði.

Árlegir hagnaðarhlutir úr lifunarbónusi verða notaðir eins og lýst er í 1. setningu.

Árlegir hagnaðarhlutir eru bundnir til að fjármagna aukalegar iðgjaldsfríar bætur og þeim er ekki hægt að ráðstafa til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat á →framlagi í bótaþjóð ef þess skyldi gerast þörf, til dæmis vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í forsendum útreikninga.

b) Bætur úr lifunarbónus

Lifunarbónus hækkar tryggðan lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir. Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku er þessi andlátsvernd einnig innifalin í lifunarbónus.

Við reiknum hækkan bóta úr lifunarbónus samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftirnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

(3) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta frá upphafi lífeyristöku

a) Hagnaðarlífeyrir fjármagnaður

Árlegum hagnaðarhlutum þáttarins Ellilífeyrir ráðstöfum við til að fjármagna hagnaðarlífeyrir, að teknu tilliti til umsýslukostnaðar. Það sama á við um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þáttu.

Hagnaðarlífeyrir sem ekki er hægt að ábyrgjast færð þú frá upphafi lífeyristöku auk tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku.

Hagnaðarlífeyrir samanstendur af aukalegum lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir sem og árlegum hækkanum lífeyris sem ákveðnar eru sem hundraðshlutu heildarlífeyrir fyrra árs. Fyrsta hækkan lífeyris á sér stað 1 ári eftir upphafi lífeyristöku.

Heildarlífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir myndast því úr

- tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku,
- aukalegum lífeyri, sem ekki er hægt að tryggja, úr þættinum Ellilífeyrir sem og
- árlegri hækkan lífeyris, sem ekki er hægt að tryggja.

Ef þátturinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku er innifalinn þá er eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku einnig innifalinn í hagnaðarlífeyrir. Hlutfall þeirra miðað við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku.

Grundvöllur að útreikningi aukalegs lífeyris, sem ekki er hægt að tryggja, er sú dánartíðnitafla (→töflur) og sú ávöxtun sem gilda um hagnaðarhlutdeild sem og árlegar hækkanir lífeyris, sem ekki er hægt að tryggja.

b) Afleiðingar af breytingum á prósentuhlutum í hagnaði

Breyting á →prósentuhlutum í hagnaði getur leitt til þess

- að hækkan lífeyrisgreiðslna í framtíðinni verði með öðrum hætti en til þessa;
- að þegar áunnin greiðsla úr hagnaðarlífeyrir breytist.

Skerðing heildarlífeyris getur þó í mesta lagi farið niður í tryggða hæð lífeyris frá upphafi lífeyristöku.

Við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar síðari breytingar upplýsum við þig um hæð áðurnefnds aukalegs lífeyris og hækkanarhlutfallið.

c) Breyting á ráðstöfun hagnaðarhluta

Þú getur farið fram á það skriflega að við ráðstöfum árlegum hagnaðarhlutum frá upphafi lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, miðað við þá ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa skriflegu yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

(4) Notkun hlutar í lokahagnaði

Ef um hluta í lokahagnaði er að ræða í samningslok greiðum við hann út.

Með hluta í lokahagnaði frá upphafi töku eða eftirlifendalífeyris fjármögnum við hækkan hagnaðarlífeyris (sjá 3. mgr. a) og b)), sem ekki er hægt að tryggja.

2.6 Hvernig öðlast tryggingin hlutdeild í matssjóðunum?

(1) Hvenær hlutdeild stofnast

Auk hlutdeilda í hagnaði öðlast tryggingin hlutdeild í →matssjóðunum (sjá 2. mgr. tölul. 2.1):

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar eða fráfall fyrir upphaf lífeyristöku (samningslok) eða
- við upphaf ellilífeyris eða eftirlifendalífeyris sem og
- meðan á greiðslu lífeyris stendur.

(2) Orsakarmiðuð aðferð hlutdeilda

Hlutdeild í matssjóðum er ákveðin með orsakarmiðaðri aðferð. Samkvæmt þessari aðferð ákvarðast →matssjóðir sem koma í hlut hvers samnings, sem hluti í →matssjóðum allra samninga sem eiga rétt á slíku. Þessi hluti ræðst af samtölu allra bótahöfuðstóla tryggingarinnar á liðnum tryggingarárum, daginn sem útreikningur fer fram vegna samningsins, og er þessi hluti ákveðið hlutfall af samtölu allra sams konar bótahöfuðstóla allra samninga sem eiga tilkall til hlutdeilda á sömu tryggingarárum.

(3) Úthlutun og ráðstöfun matssjóða

Við samningslok eða við upphaf töku eða eftirlifendalífeyris úthlutum við tryggingu þinni helming þeirrar upphæðar sem kom í hlut tryggingarinnar á þeim tímapunkti samkvæmt 3. mgr. 153. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG). Ef samningnum lýkur er hlutdeild í →matssjóðum greidd út. Ef ellilífeyrir eða eftirlifendalífeyrir er greiddur fjármögnum við við upphaf lífeyristöku

hækkun tryggðs lífeyris með hlutdeildinni í matsvirðisaukanum. Við reiknum bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

(4) Fjárhæð hlutdeildar og grunnupphæð

Hæð →matssjóðanna, sem trygging þín fær hlutdeild í, fer eftir fjármagnsmarkaðnum og er háð sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur getum við, að teknu tilliti til afkomu, ákveðið tiltekna grunnupphæð sem hlutdeild í →matssjóðunum:

- við upphaf töku ellilífeyris,
- við nýtingu höfuðstólsvalréttar sem og
- við uppsögn og við andlát á síðasta ári →biótíma eða á síðustu 7 árum biótíma, ef →hinn tryggði hafði þá náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri.

Reiknistuðull grunnupphæðar er →bótahöfuðstóll tryggingarinnar sem um ræðir, á hverju viðkomandi liðnu tryggingarári.

Ef grunnupphæðin, sem ákvarðast af 3. mgr. 153. gr. laga um vátryggingarstarfsemi (VVG), fer fram úr þeiri hlutdeild í →matssjóðum sem nú skal úthluta, þá verður grunnupphæðinni úthlutað, annars verður lögboðin úthlutun látin gilda.

Grunnupphæð sem og viðmiðunardagar fyrir útreikning →matssjóða eru ákveðin fyrir eitt almanaksár í einu. Ákvörðunin er birt í árskýrlunni.

(5) Hlutdeild reglubundins lífeyris

Reglubundinn lífeyrir öðlast, samkvæmt 1. og 2. mgr. 153. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG), hlutdeild í matssjóðunum, ýmist með sanngjarnri hækkun reglubundinnar hlutdeilda í hagnaði eða með sanngjarnri hlutdeild í lokahagnaði →matssjóðanna. Þegar tekin er ákvörðun um þessa →prósentuhluti í hagnaði er sérstaklega horft til stöðu matssjóðanna hverju sinni.

(6) Frekari upplýsingar

Nánar um þetta má lesa í árskýrslu okkar.

3. Bótaþegi og millifærsla greiðslna

Í þessum hluta er fjallað um:

-
- 3.1 Hver fær bæturnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?
3.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?
-

- 3.1 Hver fær bæturnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

(1) Bótaþegi og afturkallanlegur viðtökuréttur

Bætur samkvæmt samningnum innum við af hendi til þín sem →tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótaþegi). Viðtökurétti bótaþega má breyta eða afturkalla hann hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur). Eftir andlát →hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

(2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Þú getur kveðið skýrt á um að bótaþegi eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og óriftanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan rétt bótaþega úr gildi ef bótaþegi samþykkir.

(3) Afsal og veðsetning kröfuréttinda

Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt.

(4) Skriflegar staðfestingar

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur, þegar sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega. Tilkynning með símbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfum →skriflega staðfestingu. Réttthafi hingað til er yfirlítt þú. En það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.

3.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má bótunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

4. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun
kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?
4.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?

- 4.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun
kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

(1) Grundvallarregla

Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvað veldur tryggingartilvikinu. Við greiðum bætur alveg sérstaklega ef →hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögglegstörf eða í innanlandsátökum.

(2) Takmörkuð bótaskylda

Bótareiðsla okkar við andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku er takmörkunum háð í eftirtöldum tilvikum:

a) Andlátið er í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök.

Við greiðum þó óskertar bætur ef →hinn tryggði andast meðan á dvöl hans utan þýskalands stendur í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

b) Andlátið er í beinum eða óbeinum tengslum við

- vísvitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða
- vísvitandi beitingu eða vísvitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna,
ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki lálast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan 5 ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjóni. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu.

Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

(3) Áhrif skertrar bótaskyldu

Skert bótaskylda hefur eftirfarandi áhrif:

- a) Ef ekki var samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við þá upphæð sem reiknast samkvæmt tölum.
8.2 eða 8.3. Frádráttur samkvæmt 2. mgr. tölul. 8.2 fer í hvorugu tilvikinu fram. Við bætist endurkaupvirði úr hugsanlega umsömdum þætti Höfuðstóll við andlát.

Við greiðum þó samtals í hæsta lagi þær bætur sem um var samið vegna andláts. Forsenda þess er að við myndum þá inna af hendi bætur við uppsögn.

Upphæðin sem er fundin á þennan hátt reiknast út miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag.

b) Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, þá lækkar bótagreiðslan úr honum niður í lífeyrinn sem við getum greitt miðað við upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.4 þennan ofangreinda viðmiðunardag. Frádráttur samkvæmt 2. mgr. tölul. 8.2 fer ekki fram. Við reiknum þennan lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.4. Samtals greiðum við þó í hæsta lagi umsamdar bætur.

4.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?

(1) Grundvallarregla

Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við óskertar bætur ef þrjú ár eru liðin frá gerð samningsins.

Við sjálfsvíg af ásettu ráði áður en þriggja ára ára fresturinn er liðinn greiðum við því aðeins óskertar bætur að sannað verði fyrir okkur að vígið

- hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða
- undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga.

(2) Skert bótaskylda og afleiðingar

Ef forsendur 1. mgr. eru ekki fyrir hendi greiðum við skertar bætur samkvæmt 3. mgr. tölul. 4.1.

(3) Breyting eða endurheimt tryggingarinnar

Málsgreinar 1. og 2. gilda einnig við breytingu á tryggingunni sem víkkar bótaskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar.

Ef tryggingunni er breytt eða hún endurheimt hefst þriggja ára fresturinn að nýju hvað varðar breytta eða endurheimta hluta hennar.

5. Samstarfsskyldur þínar

Í þessum hluta er fjallað um:

- 5.1 Hvaða gagna getum við krafist?
 - 5.2 Hvenær getum við farið fram á sönnur þess að hinn tryggði sé enn á lífi?
 - 5.3 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?
 - 5.4 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?
-

5.1 Hvaða gagna getum við krafist?

Þegar farið er fram á greiðslur samkvæmt samningnum getum við farið fram á það að eftirtalin gögn verði lögð fram:

- tryggingarskirteini;
- opinber staðfesting á fæðingardegi →hins tryggða (fæðingarvottorð).

5.2 Hvenær getum við farið fram á sönnur þess að hinn tryggði sé enn á lífi?

Fyrir hverja útborgun lífeyris eða höfuðstóls getum við, á okkar kostnað, krafist opinbers vottorðs um að →hinn tryggði sé enn á lífi.

5.3 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?

Það ber að tilkynna okkur tafarlaust um andlát →hins tryggða.

Eftirfarandi gögn skal ávallt færa okkur:

- opinbera staðfestingu á fæðingardegi →hins tryggða (fæðingarvottorð) og
- opinbera staðfestingu á andláti →hins tryggða þar sem fram komi aldur og fæðingarstaður (dánarvottorð).

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul.

1.2 eða ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir, þá skal auk þess færa okkur eftirfarandi gögn:

- ef tryggingin er án áhættumats: staðfestingu á dánarorsök,
- ef tryggingin er með áhættumati: ítarlegt vottorð læknis eða embættis um dánarorsök sem og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró →hinn tryggða til dauða.

5.4 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

Við getum krafist frekari sannana og gert ítarlegri rannsóknir ef slíkt reynist nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu okkar.

Kostnaðinn sem af þessu hlýst ber sá sem krefst tryggingagreiðslunnar.

6. Samningsgerðar- og sölukostnaður

Hvernig er samningsgerðar- og sölukostnaður sem innifalinn er í iðgjaldinu fjármagnaður?

Við gerð tryggingasamninga fellur til kostnaður (svonefnndur samningsgerðar- og sölukostnaður). Samningsgerðar- og sölukostnaður sem innifalinn er í iðgjaldinu er ekki innheimtur sérstaklega heldur fjármagnaður með iðgjöldunum sem hér segir:

- með jöfnum upphæðum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka iðgjaldatímans.

Ef greitt er einstakt iðgjald drögum við af því innifalinn samningsgerðar- og sölukostnað þegar í stað.

7. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

-
- 7.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?
 - 7.2 Hverir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?
 - 7.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?
-

7.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?

(1) Skilyrði

Hægt er að fara skriflega fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Yfirlýsing þessa efnis með símbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um →skriflega staðfestingu. Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B hluta, tölul. 2.1).

(2) Lágmarks tryggingabætur

Við höldum tryggingunni áfram með tryggðum iðgjaldsfríum lífeyri sem reiknast samkvæmt 4. mgr. ef lífeyririnn nemur að minnsta kosti 200 evrum þegar undanþágu frá greiðslu iðgjalds er komið á. Nái hann ekki þessari upphæð fellur tryggingin niður og við greiðum út upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2 til 8.5 ef um slíkt er að ræða.

(3) Frestun

Hægt er að fara fram á ótíma bundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds eða tíma bundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds í allt að 3 ár. Þegar um tíma mörk er að ræða upplýsum við þig tímanlega fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir, um endurupptöku greiðslu iðgjalda og um möguleika á að greiða iðgjöldin sem á vantar vegna iðgjaldsfríu tímabilsins.

vegna iðgjaldsfríu tímabilsins.

(4) Áhrif

Ef þú ferð fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds þá reiknum við iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól þáttarins Ellilífeyrir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafraðinna, út frá reikniforsendum fyrir útreikning iðgjalda. Þar leggjum við endurkaupvirði samkvæmt 1. mgr. tölul. 8.2 til grundvallar. Upphæðin úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól er þá skert um frádrátt sem nemur 50 evrum vegna aukins umsýslukostnaðar.

Frádrátturinn fellur niður

- á síðasta ári →biótímans eða
- á síðustu 7 árum biótímans ef →hinn tryggði hafði náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar undanþága frá greiðslu iðgjalds komst á.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

Útreikningur iðgjaldsfrírrar greiðslu fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

7.2 Hverjur geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?

Það getur haft ókostí í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfríu. Í upphafi tryggingarinnar er aðeins lögboðna lágmarks sendur kaupvirðið fyrir hendi vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og umsýslukostnað og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd.

Og eins árin þar á eftir er ekki endilega víst að iðgjöld sem greidd hafa verið fram að því dugi til að mynda iðgjaldsfríar bætur. Nánar má lesa um hæð iðgjaldsfrírra bóta á samningstímanum í tryggingagögnunum.

7.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

(1) Sex mánaða frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju án áhættumats

Innan sex mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar bætur verði hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats.

Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er útilokuð ef samið var um fleiri þætti og →hinn tryggði er óvinnufær þegar iðgjaldsgreiðsla skal hefjast á ný,

- ef þátturinn Lifeyrir vegna óvinnufærni er innifalinn;

- þegar þátturinn Barnaframfærsla er innifalinn: undanþága frá greiðslu iðgjalds við umönnun barns sem er umönnunarþurfi, eða ef forsýraðili andast eða verður óvinnufær og →hinn tryggði er umönnunarþurfi eða hinn tryggði forsýraðili er óvinnufær eða er láttinn;
- þegar þátturinn Barnaframfærsla er innifalinn: undanþága frá greiðslu iðgjalds við andlát forsýraðila eða ef forsýraðili er óvinnufær, hinn tryggði forsýraðili er láttinn eða er óvinnufær;
- þegar þátturinn Umönnunarþurfi er innifalinn: bætur vegna umönnunar barns; →hinn tryggði er umönnunarþurfi.

(2) Almennur frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3 ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptökum iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði tryggðar greiðslur hækkaðir upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin var gerð iðgjaldsfrí og fram að endurheimt fyrri tryggingarverndar, einnig verið lengri en 3 ár. Í þessu tilviki verður endurheimt tryggingarverndar þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan 3ja mánaða frá lokum foreldraorlofs.

Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

(3) Möguleikar á endurheimt

Til þess að koma á að nýju þeirri tryggingavernd sem gilti áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt,
- eða
- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Í stað þess er einnig hægt að lækka tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim eftum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

8. Uppsögn

Í þessum hluta er fjallað um:

- 8.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?
 - 8.2 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús
eða ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát?
 - 8.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds?
 - 8.4 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífseyrir fyrir upphaf lífeyristöku?
 - 8.5 Hvað gildir ef enginn kostanna sem tilgreindir eru í tölul. 8.2 til 8.4 á við?
 - 8.6 Hverjir geta ókostir uppsagnar verið?
-

8.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?

Þú getur sagt tryggingunni upp skriflega fyrir upphaf lífeyristöku á eftirfarandi tínum:

- tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti undir lok tryggingartímabilis;
- iðgjaldsfríum tryggingum undir lok yfirstandandi mánaðar. Undanskildar eru iðgjaldsfríar tryggingar samkvæmt tölul. 8.5.

Uppsögn með símbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um →skriflega staðfestingu.

Ef tryggingunni er sagt upp fer fram greiðsla sem er mynduð úr greiðslu úr þættinum Ellilífeyrir og hugsanlega greiðslum úr frekari þáttum sem um samdist.

Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum er ítarlegri reglur um uppsögn að finna í reglum þessara þátta.

8.2 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús eða ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát?

(1) Endurkaupvirði

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða um þáttinn Höfuðstóll við andlát, greiðum við út endurkaupvirði - ef um slíkt er að ræða - við uppsögn. Það er →bótahöfuðstóll þáttarins Ellilífeyrir, reiknaður út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á þeim reikniforsendum sem gilda um iðgjaldaútreikning á uppsagnardegi.

Í tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti nemur verðgildi →bótahöfuðstólsins að minnsta kosti því verðgildi sem næst við það að dreifa samningsgerðar- og sölukostnaði, - sem ákvæðinn er að teknu tilliti til hæstu Zillmer-reiknireglina sem eftirlitsréttur heimilar - jafnt á fyrstu fimm tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldatímann.

(2) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt. Í tryggingargögnunum er tilgreint hversu hárra frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar.

Frádrátturinn fellur niður við uppsögn

- á síðasta ári →biðtímans eða
- á síðustu 7 árum biðtímans ef →hinn tryggði hefur þá náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi. Ógreidd iðgjöld drögum við frá endurkaupvirðinu.

(3) Lækkun í undantekningartilvikum

Við höfum rétt til þess að lækka hæfilega upphæðina sem reiknuð er út samkvæmt 1. mgr. ef það er nauðsynlegt til að útiloka að hagsmunum tryggingartaka sé stofnað í hættu.

Einkum ef hætta er á að ekki sé til frambúðar hægt að uppfylla skyldur samkvæmt samningunum. Lækkunin tekur til eins árs í senn (6. mgr. 169. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG).

(4) Hækkun útborgaðrar upphæðar um sem nemur einum hlut í lokahagnaði

Til viðbótar við upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 3. mgr. getur komið endurkaupvirði úr hlut í lokahagnaði (sjá 2. mgr. tölul. 2.3 og 4. mgr. tölul. 2.5).

(5) Hækkun útborgaðrar upphæðar um sem nemur matssjóðum

Upphæðin sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölul. 2.6).

(6) Áhrif

Með útborgun upphæðarinnar sem fæst samkvæmt 1. til 5 mgr. fellur tryggingin niður.

8.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds?

Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2 greiðum við, ef til uppsagnar kemur, að fullu upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. tölul. 8.2, ef hún er ekki hærri en endurgreiðsla iðgjalds við andlát. Ef upphæðin er hærri en endurgreiðsla iðgjalds við andlát, skerðum við það sem umfram er um frekari frádrátt:

Frá þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram endurgreiðslu iðgjalds við andlát

- drögum við 6 prósent;
- drögum við aukalega, fyrir hvert ár sem eftir er fram að umsömdu upphafi lífeyristöku þegar til uppsagnar kom, 1,5 prósent.

En frekari frádráttur nemur í hæsta lagi samtals 30 prósentum.

Með þessum frádrætti jöfnum við almennt út hugsanlega breytta áhættu þeirra tryggingartaka sem eftir eru (áhættujöfnun). Í tryggingargögnunum er tilgreint hvers vegna við framkvæmum þennan frádrátt.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

Útreiknuð upphæð getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölul. 2.6).

Með útborgun upphæðarinnar sem er reiknuð þannig út fellur tryggingin niður.

8.4 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku?

Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við að fullu, ef til uppsagnar kemur, upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. tölul. 8.2, ef hún er ekki hærri en 20-föld ársupphæð Eftirlifendalífeyris. Ef upphæðin er hærri en 20-föld ársupphæð Eftirlifendalífeyris drögum við aukalegan frádrátt frá því sem umfram er.

Af því sem er umfram 20-falda ársupphæð Eftirlifendalífeyris

- drögum við 6 prósent;
- drögum við aukalega, fyrir hvert ár sem eftir er fram að umsömdu upphafi lífeyristöku þegar til uppsagnar kom, 1,5 prósent.

En frekari frádráttur nemur í hæsta lagi samtals 30 prósentum.

Með þessum frádrætti jöfnum við almennt út hugsanlega breytta áhættu þeirra tryggingartaka sem eftir eru (áhættujöfnun). Í tryggingargögnunum er tilgreint hvers vegna við framkvæmum þennan frádrátt.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

Útreiknuð upphæð getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölul. 2.6).

Með útborgun upphæðarinnar sem er reiknuð þannig út fellur tryggingin niður.

8.5 Hvað gildir ef enginn kostanna sem tilgreindir eru í tölul. 8.2 til 8.4 á við?

Ef hvorki var samið um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2, né um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2, né um þáttinn Höfuðstólli við andlát og ekki heldur um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, þá ræðst það af því hvort iðgjöld hafi verið greidd með reglubundnum hætti fram að uppsögn hvort tryggingin sé uppsejanleg. Í þeim efnunum gildir:

- Ef iðgjöld voru greidd með reglubundnum hætti fram að uppsögn gerum við trygginguna iðgjalfafrí samkvæmt 4. mgr. tölul. 7.1; en ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári, þá greiðum við þess í stað út þá upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2 og tryggingin fellur niður.
- Ef tryggingin er iðgjaldsfrí er ekki hægt að segja henni upp.

8.6 Hverjur geta ókostir uppsagnar verið?

Uppsögn tryggingarinnar getur haft ókosti í för með sér. Í upphafi tryggingarinnar er aðeins lögboðna lágmarksendarkaupvirðið fyrir hendi vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og umsýslukostnað og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd. Þess vegna er ekki endilega víst að árin þar á eftir nái endurkaupvirðið samtölu greiddra iðgjalda. Nánar má lesa um hæð endurkaupvirðis á samningstímanum í tryggingagögnum.

9. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika tryggingarinnar.

Þeir eru bundnir við skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingarbótanna.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 9.1 Hvaða möguleikar eru í boði til að gera upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?
- 9.2 Hvenær má velja höfuðstól í stað lífeyris?
- 9.3 Hvenær má velja tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?
- 9.4 Hvenær má breyta bótagreiðslum við andlát eftir upphaf lífeyristöku?
- 9.5 Hvenær á biótímanum má bæta við eftirlifendalífeyri án áhættumats?
- 9.6 Hvenær má bæta við tryggingarvernd í umönnunartilfelli?
- 9.7 Hvenær má greiða viðbótargreiðslur?
- 9.8 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?
- 9.9 Hvenær má breyta iðgjaldatímanum?
- 9.10 Hvenær má lækka eða fresta iðgjaldsgreiðslum í atvinnuleysi eða í skertu starfi í foreldraorlof eða meðan á faglegri starfsendurmenntun stendur?

-
- 9.1 Hvaða möguleikar eru í boði til að gera upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?

(1) Greiðslu bóta flýtt

Þú getur farið fram á að við flýtum umsömdu upphafi lífeyristöku um allt að 7 ár.

Ef samningurinn heimilar að upphafi lífeyristöku sé flýtt munum við upplýsa þig um það.

a) Forsendur

- →Hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar nýja upphaf lífeyristöku hefst. Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir nýja upphaf lífeyristöku.
- Endurreiknaður heildarlífeyrir, að hagnaðarhlutdeild meðtalinni, verður að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári við nýja upphaf lífeyristöku.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyri frá upphafi lífeyristöku verður greiðslan úr þeim þætti einnig endurreiknuð og verður að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári. Tíminn frá byrjun tryggingar fram að umbeðnu upphafi lífeyristöku skal vera að minnsta kosti eitt ár.

b) Áhrif

Við það að upphafi lífeyristöku er flýtt skerðist tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn

- Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku,
- Höfuðstóll við andlát,
- Höfuðstóll við andlát af slysþórum eða
- Lífeyrir vegna óvinnufærni, fellur sá þáttur niður þegar nýja upphafi lífeyristöku er náð.

Ef við greiðum lífeyri vegna óvinnufærni þegar nýja upphafi lífeyristöku er náð

þá greiðum við þær bætur óbreyttar áfram.

Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku
lækka þær bætur samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.
grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hlutfall annars vega
eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku og greiðslu höfuðstóls við andlát
eftir upphaf lífeyristöku, og hins vega tryggðs ellilífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir,
breytist ekki þótt greiðslum sé flýtt.

d) Möguleikar við samningsgerð

Um upphaf lífeyristöku sem er flýtt gilda sömu möguleikar til breytinga og giltu um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku, einkum tölul. 9.2 og 9.3.

(2) Frestun bóta

Við umsamið upphaf lífeyristöku má fara fram á að upphafi lífeyristöku verði frestað.

a) Forsendur

- →Hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar upphaflega umsamin lífeyristaka hefst.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 85 ára →reiknaðan aldur við nýja, frestaða upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

- Við frestuun á upphafi lífeyristöku hækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur hún breyst.

Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftirnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Við það að fresta upphafi lífeyristöku þáttarins Ellilífeyrir falla eftirfarandi umsömdu þættir niður við fyrra umsamda upphaf lífeyristöku:

- Höfuðstóll við andlát,
- Lífeyrir vegna óvinnufærni,
- Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku og
- Höfuðstóll við andlát af slysþórum.

Greiðslur annarra umsaminna þáttu hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir. Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim eftirnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

d) Möguleikar við samningsgerð

- Í iðgjaldsskyldum tryggingum má greiða iðgjöldin áfram á →viðbótarbiðtímanum.
- Um nýja upphaf lífeyristöku sem var frestað og um viðbótarbiðtímann gilda sömu möguleikar til breytinga og giltu um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku og upphaflega umsamin →viðbótarbiðtíma, einkum tölul. 9.2, 9.3 og 9.8.
- Eftir að upphafi lífeyristöku var frestað má flýta upphafi lífeyristöku á ný.
Efnislega er 1. mgr. í gildi.

e) Andlát hins tryggða á viðbótarbiðtíma

Ef →hinn tryggði andast á →viðbótartímanum gildir:

- Ef ekki var samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku greiðum við fjárhæð sem nemur þeirri upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2, reiknað undir lok viðkomandi tryggingartímabils og sem er afvöxtuð miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyri frá upphafi lífeyristöku greiðum við eftirlifendalífeyri ef og svo lengi sem →hinn samtryggði er á lífi við andlát →hins tryggða. Hæð eftirlifendalífeyris reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar út frá þeiri upphæð sem fæst samkvæmt tölul. 8.2, reiknað undir lok viðkomandi tryggingartímabils og hún afvöxtuð miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag. Hæð eftirlifendalífeyris er auk þess háð aldrí hins samtryggða á þeim tíma. Við reiknum bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftirnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

f) Uppsögn tryggingarinnar á viðbótarbiðtímanum

Ef þú segir tryggingunni upp á →viðbótarbiðtímanum greiðum við upphæð sem reiknuð er samkvæmt tölul. 8.2.

g) Hlutdeild í hagnaði

Á →viðbótarbiðtímanum öðlastu líka hlutdeild í hagnaði í skilningi tölul. 2. →Prósentuhlutir hagnaðarhlutdeilda tryggingarinnar geta verið frábrugðir þeim prósentuhlutum hagnaðarhlutdeilda sem tilgreindir eru fyrir undirflokk tryggingarinnar í árskýrslu. Ef sérstakir →prósentuhlutir hagnaðarhlutdeilda gilda um tryggingu þína greinum við þér frá því fyrir byrjun →viðbótarbiðtímans.

9.2 Hvenær má velja höfuðstóli í stað lífeyris?**(1) Höfuðstólsgreiðsla við umsamið upphaf lífeyristöku**

Í stað tryggðs lífeyris, sem við greiðum við lifun, má fara fram á útborgun tryggs höfuðstóls að fullu eða að hluta við umsamið upphaf lífeyristöku.

a) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ef greitt er út að hluta verður tryggður lífeyrir úr þeim hluta tryggs höfuðstóls sem eftir er að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Varðandi greiðslu höfuðstóls verður →hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, að vera á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif af útborgun tryggðs höfuðstóls að fullu

Með útborgun að fullu falla þættirnir Ellilífeyrir og umsaminn þáttur Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku niður.

c) Áhrif af útborgun tryggðs höfuðstóls að hluta

- Við greiðum frá umsömdum upphafi lífeyristöku tryggðan lífeyri sem skerðist um það prósentuhlutfall sem samsvarar útborguðum hluta tryggða höfuðstólsins.
- Greiðsla úr umsömdum þætti Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku skerðist einnig á sama hátt.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Höfuðstólsgreiðsla eftir upphaf lífeyrisgreiðslu

Ef við greiðum nú þegar lífeyri og ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku má á hvaða útborgunardeggi sem er fá greiddan höfuðstól. Fyrir það tökum við vinnslugjald sem nemur 50 evrum.

a) Forsendur

Upphæð til útborgunar má, að teknu tilliti til 50 evra vinnslugjalds, hvorki vera hærri en gjaldfallinn höfuðstóll við andlát miðað við útborgunarstund

- né hærri en reiknaður →bótahöfuðstóll tryggingarinnar miðað við útborgunarstund.

b) Áhrif

- Við skerðum tryggðan lífeyri úr þættinum Ellilifeyrir samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.
- Eftir greiðslu höfuðstóls heldur tryggingin áfram ef tryggður ellilifeyrir nemur að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Tryggingin fellur niður ef tryggður lífeyri sem eftir er nemur lægri upphæð en 200 evrum á ári. →Bótahöfuðstól sem eftir er greiðum við út, ef um slíkt er að ræða. Þá kemur til aukalegur frádráttur.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku skerðist hún um sem nemur upphæð útborgaðs höfuðstóls.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Umsaminn tryggður eftirlifendalífeyrir og barnaumönnunarlífeyrir skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

d) Sérákvæði við tímabundinn lífeyri

Ef þú valdir tímabundinn lífeyri samkvæmt tölul. 9.3 reiknum við þann höfuðstól sem greiða skal meðal annars út frá því hvernig fjármálamarkaðurinn hefur þróast frá upphafi lífeyristöku, en ekki lengra en 10 ár aftur í tímann. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(3) Höfuðstólsgreiðsla þegar upphafi lífeyristöku er flýtt

Ef þú kaust að flýta umsöndu upphafi lífeyristöku (1. mgr. tölul. 9.1) geturðu í stað tryggðs lífeyris farið fram á greiðslu höfuðstóls sem nemur upphæð sem reiknuð er samkvæmt tölul. 8.2 til 8.4.

a) Forsendur

- Samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát eða
- ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku, eða
- Endurgreiðsla iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða
- endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2.
- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir nýja upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

Með útborgun höfuðstóls við upphaf lífeyristöku sem var flýtt falla allir þættir niður.

9.3 Hvenær má velja tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?

(1) Tímabundinn lífeyrir við umsamið upphaf lífeyristöku

Áður en til umsamins upphafs lífeyristöku kemur er hægt að fara fram á að við greiðum, í stað ævilangs tryggðs lífeyris samkvæmt tölul. 1.1, lífeyri í tiltekinn tíma (tímabundinn lífeyrir). Þú getur valið hversu lengi lífeyrir skuli greiddur.

Frá upphafi lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn lífeyri á meðan →hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsaminn lífeyrisgreiðslutíma.

(2) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Bæði val tímabundins lífeyris sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru háð takmörkunum sem ráðast meðal annars af aldri →hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig um skilyrðin ef óskað er.
- Hafi verið samið um →félagatryggingu verður að tilgreina hver →hinna tryggðu á í hlut varðandi tímabundinn lífeyri.

(3) Áhrif

- Upphæð tímabundins lífeyris reiknum við út miðað við →bótahöfuðstól tryggingarinnar að viðbættri hlutdeild í →matssjóðunum undir lok →biðtímans.
- Tímabundinn lífeyri reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar og miðum þá við þær reglur og reikniforsendor sem gert er ráð fyrir við nýja samninga um tímabundinn lífeyri við upphaf lífeyristöku.
- Upphæð samtryggðrar greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur tekið breytingum.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölul. 9.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku fellur hann niður við upphaf lífeyrisgreiðslna úr þættinum Ellilífeyrir.

(5) Hlutdeild í hagnaði

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði í skilningi tölul. 2. →Prósentuhlutir hagnaðarhlutdeilda tryggingarinnar geta verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum hagnaðarhlutdeilda sem tilgreindir eru fyrir undirflokk tryggingarinnar í ársskýrslu. Ef sérstakir →prósentuhlutir hagnaðarhlutdeilda gilda um tryggingu þína greinum við þér frá því fyrir upphaf tímabundins lífeyris.

Í stað þeirra reglna í 3. mgr. tölul. 2.5 sem gilda um hlutdeild í hagnaði eftir að greiðsla lífeyris hefst, fjármögnum við samanlagðan hagnaðarlífeyri með árlegum hlutum þáttarins í hagnaði frá upphafi greiðslu tímabundins lífeyris, að teknu tilliti til umsýslukostnaðar. Samanlagður hagnaðarlífeyrir myndast með aukalegum iðgjaldsfríum tímabundnum lífeyri.

Samanlagðan hagnaðarlífeyri, sem ekki er hægt að tryggja, færð þú frá upphafi lífeyristöku, auk tryggðs tímabundins lífeyris frá upphafi lífeyristöku.

Breytist prósentuhlutir hagnaðarhlutdeilda getur það haft áhrif á greiðslur úr samanlögdum hagnaðarlífeyri. Þannig er bæði hækkan og skerðing samsetts hagnaðarlífeyris hugsanleg. Skerðing getur þó í mesta lagi farið niður í tryggðan tímabundinn lífeyri við upphaf lífeyristöku. Við tilkynnum þér um hæð ofangreinds aukalegs iðgjaldsfríum tímabundins lífeyris, bæði við upphaf töku tímabundna lífeyrisins og í hvert sinn sem breytingar verða.

Með hluta í lokahagnaði frá upphafi lífeyristöku samkvæmt 4. mgr. tölul. 2.5 fjármögnum við hækkan samanlagðs hagnaðarlífeyris, en hana er ekki hægt að tryggja.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.4 Hvenær má breyta bótagreiðslum við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Breyting á höfuðstólsgreiðslu við andlát

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku er við upphaf lífeyristöku hægt að fara fram á að greiðslan verði hækkuð eða lækkuð, án nýs áhættumats.

a) Mörk

Um mögulegar breytingar gilda takmörk sem ráðast m.a. af umsömdum aldri við upphaf lífeyristöku og af meðallífslíkum og ef um tímabundinn lífeyri samkvæmt tölul. 9.3 er að ræða auk þess af umsömdum lífeyrigræðslutíma.

Við veitum upplýsingar um hvaða kostir gilda um tryggingu þína ef óskað er.

b) Áhrif

- Ef greiðsla höfuðstóls við andlát er hækkuð kann að verða nauðsynlegt að greiða einstaka viðbótargreiðslu.
- Ef greiðsla höfuðstóls við andlát er lækkuð eða ef þú vilt ekki greiða nauðsynlega einstaka greiðslu breytast tryggður lífeyrir og umsaminn eftirlifendalífeyrir.
- Við reiknum greiðslurnar og viðbótarupphæðina samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim eftir neðan gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Eftirlifendalífeyri frá upphafi lífeyristöku bætt við

Ef ekki var samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku má fara fram á að honum verði bætt við í lok →biðtímans. Áhættumat fer ekki fram.

a) Forsendur

- Nýi eftirlifendalífeyririnn er ekki hærri en tryggður lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir við upphaf lífeyristöku.
- Ekki var valinn tímabundin lífeyrir samkvæmt tölul. 9.3.

b) Áhrif

- Um nýja innifalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Viðbótin getur valdið því að tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku lækki.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku breytist hann.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftir neðan gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(3) Höfuðstóll við andlát eða þátturinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku útlokaður

Ef samið var um höfuðstól við andlát eftir upphaf lífeyristöku eða um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku má útloka þá við upphaf lífeyristöku.

Í stað þess má fara fram á að greiddur verði sá tryggði höfuðstóll sem áunnist hefur við upphaf lífeyristöku, að frádegnum þeim heildar ellilífeyri sem þegar hefur verið greiddur samkvæmt 3. mgr. a) í tölul. 2.5 (að meðoldum greiðslum úr hlutdeild í hagnaði).

(4) Frestir

Tilkynning þín varðandi breytingu samkvæmt 1. til 3. mgr. þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

9.5 Hvenær á biótímanum má bæta við eftirlifendalífeyri án áhættumats?

(1) Eftirlifendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku bætt við

Ef hvorki var samið um þáttinn Höfuðstóll við andlát né þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er á →biótímanum hægt að bæta öðrum þessara þátt - í →félagatryggingum reyndar aðeins þættinum Höfuðstóll við andlát - við þau tilvik sem tilgreind eru undir a), án áhættumats.

a) Hvenær viðbætur geta farið fram

- Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling,
- →Hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, ef það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði,
- →Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífinu eða
- →Hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að andvirði að minnsta kosti 100.000 evrur.

b) Forsendur

- →Viðbótarbiótími tryggingarinnar er ekki hafinn.
- Innan 6 mánaða frá einhverjum ofangreindum atburði þarf að fara fram á að aukalegum þætti verði bætt við og færa okkur sönnur á þann atburð.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 40 ára →reiknaðan aldur.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er ekki óvinnufær.
- Við höfum til þessa sampykkt allar umsóknir um líftryggingu →hins tryggða eða, í →félagatryggingum, →sérhvers hinna tryggðu, með venjulegum skilmálum.

c) Mörk

Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát á að bætast við,

- verður höfuðstóll við andlát að nema að minnsta kosti 100 prósentum af tryggðum höfuðstól til ellilífeyris,
- má höfuðstóll við andlát nema að hámarki 50.000 evrum.

Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát á að bætast við,

- verður eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku að nema að minnsta kosti 20 prósentum af tryggðum höfuðstól til ellilífeyris,
- má þessi eftirlifendalífeyrir nema í hæsta lagi 60 prósentum af tryggðum höfuðstól til ellilífeyris,
- má tryggður lífeyrir til framfærslu eftirlifenda nema 6.000 evrum á ári að hámarki.

d) Áhrif

- Um nýja innifalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Við þessar viðbætur fellur umsamin lögjaldsendurgreiðsla-Plús niður samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða endurgreiðsla iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Eftirlifendalífeyri frá upphafi lífeyristöku bætt við

Ásamt þættinum Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku samkvæmt 1. mgr. má bæta við þættinum Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku. Þessum þætti er einnig hægt að bæta við eftirá, hafi áður verið samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku.

a) Forsendur

- Nýi eftirlifendalífeyririnn frá upphafi lífeyristöku, sem semja skal um, er hvorki hærra en eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku né tryggður lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir.
- Ekki var valinn tímabundin lífeyrir samkvæmt tölul. 9.3.

b) Áhrif

- Um nýja innfalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftir neðan gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.6 Hvenær má bæta við tryggingarvernd í umönnunartilfelli?

Þú getur farið fram á að við upphaf lífeyristöku verði tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli bætt við trygginguna. Við framkvæmum ekki áhættumat.

(1) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ekki var valinn tímabundin lífeyrir samkvæmt tölul. 9.3.
- Auk þess eru í gildi frekari skilyrði sem við upplýsum þig fúlslega um ef óskað er.

(2) Áhrif

- Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Tryggðar greiðslur geta breyst.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftir neðan gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.7 Hvenær má greiða viðbótargreiðslur?**(1) Viðbótargreiðslur fyrir upphaf lífeyristöku**

Hægt er að inna af hendi viðbótargreiðslur hvenær sem er fyrir upphaf lífeyristöku. Við framkvæmum ekki áhættumat.

a) Forsendur

- Hver einstök viðbótargreiðsla skal nema að minnsta kosti 1.000 evrum.
- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári má í hæsta lagi nema 20.000 evrum.
- Viðbótarbiðtími tryggingarinnar er ekki hafinn.

b) Frekari forsendur

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát gildir auk þess:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári má ekki vera hærri en heildarupphæð umsaminna iðgjál达 á einu tryggingarári.
- Höfuðstóll við andlát úr öllum líftryggingarsamningum sama →tryggða einstaklings hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, að viðbættri viðbótargreiðslu, má ekki vera hærri en 250.000 evrur. Við þessi mörk verður bæði tekið tillit til alls höfuðstóls við andlát sem greiddur verður út í einu lagi sem og til alls höfuðstóls við andlát sem myndar grundvöll lífeyris úr höfuðstóll við andlát.

c) Áhrif

- Við viðbótargreiðslu hækkar lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir.
- Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 hækka greidd iðgjöld fyrir þáttinn Ellilífeyrir, sem við höfum til hliðsjónar við útreikning bóta við andlát, um viðbótargreiðsluna.
- Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2 hækkar hún um viðbótargreiðsluna.

d) Áhrif á aðra þætti

- Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát hækkar höfuðstóll hans við andlát um sömu upphæð og tryggður höfuðstóll við lifun.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku hækkar þessi eftirlifendalífeyrir í sama hlutfalli og lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir, en þó í mesta lagi um 3 prósent á ári af samtölu viðbótargreiðslna hvers tryggingarárs.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku hækkar þessi lífeyrir í sama hlutfalli og lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir.
- Ef samið var um enn frekari þætti hækka greiðslur úr þeim ekki við viðbótargreiðslu.
- Hið breytta hlutfall greiðslna úr umsömdum þáttum gagnvart ellilífeyrir vegna viðbótargreiðslna ræður mestu um greiðslur úr gjaldskrárbónusnum (1. mgr. b) í tölul. 2.5).

(2) Reiknigrundvöllur fyrir hækkun greiðslna

Viðbótargreiðslu er ráðstafað sem einstöku iðgjaldi til hækkunar á bótagreiðslum. Hækkaða bótagreiðslan er reiknuð út frá samningsgildum á hækkunardeggi, einkum út frá

- →reiknuðum aldri →hins tryggða eða, í →félagatryggingum, allra hinna tryggðu,
 - því sem eftir er af →biðtímanum,
 - iðgjaldsálagi sem hugsanlega var samið um.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eftir neðan gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Samningsgerðar- og sölukostnað, sem og iðgjaldstengdan umsýslukostnað, fjármögnum við tafarlaust með viðbótargreiðslunni samkvæmt síðustu setningu 6. tölul.

(3) Dagsetning hækkunar

Hækkunardagur allra greiðslna er fyrsti dagur mánaðarins þegar okkur berst viðbótargreiðslan eða fyrsti dagur næsta mánaðar ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát.

9.8 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?

Þú getur tekið höfuðstól úr tryggingunni á →biðtímanum. Fyrir það tökum við vinnslugjald sem nemur 15 evrum.

(1) Skilyrði

- Ekkert tryggingarskírteinislán má vera fyrir hendi.
- Taka verður út að minnsta kosti 1.000 evrur.
- Sú upphæð tryggingarinnar sem eftir stendur og reiknuð er samkvæmt tölul. 8.2 til 8.5 verður að nema að minnsta kosti 1.000 evrum eftir úttekt og að teknu tilliti til vinnslugjalds.

(2) Áhrif

- Greiðslutímabil og hæð þeirra iðgjalda sem greiða ber breytast ekki við úttekt.
- Tryggðar greiðslur skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.
- Ef ekki var samið um þáttinn Höfuðstóll við andlát og ef ekki var samið um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 en þó samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku eða endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2, fer fram frekari frádráttur.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.9 Hvenær má breyta iðgjaldatímanum?

(1) Styttung iðgjaldatímans

Ef iðgjöld af tryggingunni eru greidd með reglubundnum hætti má fara fram á að iðgjaldatími verði styttr um heil ár.

a) Forsendur

Ekki var samið um þáttinn Höfuðstóll við andlát með greiðslu sem er lægri en tryggður höfuðstóll til ellilífeyris.

b) Áhrif

- Ef tryggður lífeyrir eða tryggður höfuðstóll eiga að haldast óbreyttir þarf að greiða hærri reglubundin iðgjöld.
- Ef reglubundið iðgjald á að haldast óbreytt, lækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll.
- Ef bæði reglubundið iðgjald og tryggður lífeyrir eða tryggður höfuðstóll eiga að haldast óbreytt, má ná því fram með viðbótargreiðslu.
- Nýja iðgjaldið, nýi tryggði lífeyrinn, nýi tryggði höfuðstóllinn og viðbótargreiðslan eru reiknuð út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef reglubundið iðgjald á að haldast óbreytt, skerðast greiðslur annarra umsaminna þátta í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

(2) Lenging iðgjaldatímans

Ef iðgjaldatími tryggingarinnar er styttri en →biótíminn og þú greiðir reglubundin iðgjöld, má fara fram á það einu sinni að iðgjaldatími verði lengdur um allt að 5 ár.

Framlengingin gerist í beinu framhaldi af því að upphaflegum iðgjaldatíma lýkur, en fer þó ekki fram yfir umsamin lok →biótíma.

a) Forsendur

- Þegar framlenging tekur gildi þyrfti →hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, að geta samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, má ekki hafa náð 50 ára →reiknuðum aldri við upphaflega umsamin lok iðgjaldatíma.

b) Áhrif

- Við lenginguna hækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll við lifun frá upphaflegum lokum iðgjaldatíma.
- Aðrar umsamar greiðslur hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.
- Nýi tryggði lífeyririnn, nýi tryggði höfuðstóllinn og greiðslur úr öðrum þáttum eru reiknuð út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.10 Hvenær má lækka eða fresta iðgaldsgreiðslum í atvinnuleysi eða í skertu starfi í foreldraorlof eða meðan á faglegri starfsendurmenntun stendur?

(1) Atvinnuleysi eða hlutastarf

a) Greiðslu iðgjalds frestað

Hafi samningurinn þegar verið við lýði í 3 ár má fara fram á frestun greiðslu framhaldsiðgjálfa ef þú verður atvinnulaus eða ert í hlutastarfi. Við frestu iðgaldagreiðslunum svo lengi sem þú ert atvinnulaus en þó ekki lengur en 1 ár. Ef starfshlutfall skerðist frestu við greiðslu iðgjalda meðan þú ert í hlutastarfi, en þó ekki lengur en í 2 ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Ef þú ert oft atvinnulaus eða í hlutastarfi má fresta greiðslu iðgjalda á ný í hvert sinn. Greiðslu iðgjalda frestum við í hæsta lagi í 24 mánuði á öllum samningstímanum vegna atvinnuleysis. Greiðslu iðgjalda er í mesta lagi hægt að fresta tvisvar á öllum samningstímanum vegna skerts starfshlutfalls.

b) Sönnun fyrir atvinnuleysi eða hlutastarfi

Ef farið er fram á frestuun á greiðslu iðgjalda vegna atvinnuleysis eða hlutastarfs þarf að sanna það fyrir okkur með vottorði frá viðkomandi vinnumálastofu.

Það þarf að tilkynna okkur tafarlaust þegar atvinnuleysi lýkur eða þegar hlutastarfi lýkur.

c) Frestuð iðgjöld greidd

Þegar gjaldfrestinum lýkur skal greiða í einu lagi þau iðgjöld sem frestað var.

(2) Foreldraorlof

Meðan á foreldraorlofi stendur má lækkað iðgjöld (hlutagreiðsla iðgjalds) tímabundið að hámarki í 3 ár ef iðgjöld vegna samningsins hafa verið greidd í að minnsta kosti eitt ár.

Hlutagreiðslu iðgjalds vegna foreldraorlofs er í mesta lagi hægt að nýta tvisvar á öllum samningstímanum.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

(3) Starfsendurmenntun

Meðan á starfsendurmenntun stendur (t.d. í mastersnámi) má lækka iðgjöld tímabundið meðan á framhaldsnámi stendur, að hámarki í 3 ár (hlutagreiðsla iðgjalds), ef iðgjöld vegna samningsins hafa verið greidd í að minnsta kosti í eitt ár.

Hlutagreiðslu iðgjalds vegna starfsendurmenntunar er aðeins hægt að nýta einu sinni á öllum samningstímanum.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna þær skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti og taka til tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð og iðgjaldsgreiðsluskyldu. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Tilkynningaskylda

a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Áður en þú leggur fram samningsfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður sem hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandráttarlaust. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning yfir höfuð eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönum og undandráttarlausum svörum við spurningunum í textaformi.

c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitnesku og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

(2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan bótaskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- vífengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Ef samið var um þáttinn Örorku- eða Umönnunarbaetur eða HeilsuVerndarSkírteini gildir eftirfarandi um þá þætti: Við afsölum okkur þeim rétti sem við eignum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

b) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests. Frestur samkvæmt 1. setningu nemur 10 árum ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tú ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

(3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en tíu prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynntar um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um vátryggingarsamninga (VVG).

(4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málsgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingavernd er aukin eða endurheimt eftirá þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

(5) Krafist er skriflegra gagna

Krafist er skriflegra gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi. Símbréf eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

(6) Umboð til móttöku

Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst bótaþegi hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við yfirlýsing frá okkur. Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?
 - 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?
 - 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?
-

2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?**(1) Greiðslutímabil**

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil.

Í því tilviki og eftir því hvernig um samdist er greiðslutímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálftrár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskírteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(2) Gjalddagi tryggingariðgjalda**a) Fyrsta eða einstakt iðgjald**

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta hvers mánaðar í hverju umsöndu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

(3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga
- og eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki var hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigr sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

(4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(5) Greitt með skuldfærslubeiðni

a) Skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess skuldfærsluheimild.

b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

c) Afleiðingar þess að skuldfærsla misferst

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C hluta, tölul. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskírteininu
bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útlokaður ef sannað er að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskyldum tíma í skilningi 2. mgr. b) tölul. 2.1 er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eignum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaust.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

(2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti 2 vikur.

(3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur liður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingavernd niður eða skerðist,

- ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

(4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur liður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Forsenda þess er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar um leið og fresturinn var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og fresturinn er veittur.

Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

(5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftirá

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar.

Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirágreiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskíteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að þú hafir greitt fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 í B hluta. Ef þú greiðir iðgjaldið ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B hluta).1. mgr. tölul. 2.2.

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

(2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingavernd er aukin eftirá gildir 1. mgr. einnig um þessu aukningu tryggingarverndar.

2. Tryggingarskíteini

Hvað felst í tryggingarskíteininu?

(1) Eigandi

Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskíteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við bótum. En við getum farið fram á það að eigandi tryggingarskíteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef bótaþegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá eiganda tryggingarskíteinis ef sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega. Tilkynning með símréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um skriflega staðfestingu.

3. Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu

Fyrir hvaða kostnaður getum við krafð þig um greiðslu sérstaklega?

(1) Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu í sérstökum tilvikum

Ef eitthvað sérstakt af þínum völdum orsakar aukalega umsýslu getum við í eftirtoldum tilvikum innheimt hjá þér sérstaklega meðaltalskostnað sem fast gjald.

- Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskíteinið eða afrita af tryggingarskíteininu
- Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- Úrvinnsla greiðslna í vanskilum
- Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna
- Frágangur breytinga á samningi
- Vinna við afsöl og veðsetningar
- Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu
- Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan Þýskalands eða millifærsla greiðslu frá okkur til staðar utan Þýskalands.

(2) Framsetning kostnaðar í kostnaðaryfirliti

Um kostnaðinn sem við getum innheimt hjá þér aukalega samkvæmt 1. mgr. má lesa í hjálögðu kostnaðaryfirliti okkar. Sanngjarna aðlögun þessara kostnaðarliða (315. gr. Borgaralegrar lögbókar - BGB) er okkur heimilt að gera í framtíðinni. Kostnaðaryfirlit sem í gildi er hverju sinni má fá hjá okkur hvenær sem um það er beðið. Ef kostnaðaryfirlitið tilgreinir engan kostað fyrir einhvern þeirra liða sem nefndir eru í 1. mgr. er ekki reiknaður kostnaður fyrir þann lið um þær mundir.

(3) Sýna má fram á lægri kostnað

Ef þú færir okkur sönnur fyrir því að í tilfelli af þínum völdum hafi ekki orðið til nein eða minni umsvif og kostnaður, fellur sá kostnaður niður eða við lækkum hann sem því nemur í því tilviki.

4. Þýskur réttur

Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

5. Varnarþing

Hvar má bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Undir hvaða lögsögu heyra málshöfðanir þínar?

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn eða höfuðstöðvar eru.

Eins má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldri ef lögheimili er ekkert þegar málíð er höfðað.

Ef vátryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

(2) Undir hvaða lögsögu heyra málshöfðanir okkar?

Við getum höfðað mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldri ef lögheimili er ekkert þegar málíð er höfðað. Ef vátryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málíð er höfðað má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar sem annast samning þinn er eða höfuðstöðvar okkar eru. Þetta gildir á sambærilegan hátt ef tryggingartaki er lögpersóna eða aðili sem átt getur aðild að málum og ekki er kunnugt um staðsetningu aðalstöðva hans.

(3) Tryggingartakar utan Evrópubandalagsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Ef þú flytur heimili þitt til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál samkvæmt tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eru.

6. Fyrning

Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?

(1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur samkvæmt samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

(2) Fyrningu frestað meðan bótaskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupóstí).

Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingartaki.

Biðtími:

Biðtíminn er tímabilið frá umsöndu upphafi tryggingar til umsamins upphafs lífeyristöku.

Virkur bankadagar:

Virkir bankadagar, einnig nefndir viðskiptadagar, eru þeir dagar þegar lánastofnanir í Þýskalandi eru opnar fyrir almenn viðskipti.

Virkir bankadagar eru þar af leiðandi mánuðagur til föstudags.

Helgar og þýskir helgidagar á landsvísu sem og 24.12. og 31.12 eru ekki virkir bankadagar.

Matssjóðir:

Matssjóðir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi.

Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar út frá forsendum iðgjaldaútreiknings. Hann er grundvöllur að endurkaupverði, lokagreiðslu og hlutdeild í matssjóðum.

Framlag í bótasjóð:

Tryggingarfélögum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingartökum. Bótasjóðir samsvara þeiri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingarbætur.

Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

Hinn samtryggði:

Ef samið var um eftirlifendalífeyri er hinn samtryggði sá einstaklingur sem greiða skal fyrir eftirlifendalífeyri ævilangt eftir andlát hins tryggða.

Félagatryggingar:

Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða.

Reglur tryggingarskilmála sem fjalla um hinn tryggða gilda um félagatryggingar á sama hátt.

Þar nægir – ef ekki er kveðið á um annað í tryggingarskilmálunum – að þeir málavextir sem um getur í tryggingarskilmálunum eigi við um einhvern einn hinna tryggðu.

Reiknaður aldur:

Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni – þá er aldursári sem er hafið, en ekki lokið, bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir.

Reiknivextir:

Reiknivextir eru sú vaxtaprósenta sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds:

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingartæknilegur varasjóður í ársuppgjöri vátryggjanda.

Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeilda í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarlagha.

Skrifleg gögn:

Skrifleg gögn merkir alltaf að undirskrifaraðar yfirlýsingar með eiginhandaráritun er þörf. Nauðsynlegt er að undirrita með nafni í lok yfirlýsingar.

Þetta er gert til að tryggja réttaröryggi þitt og okkar.

Töflur:

Töflurnar sem við styðjumst við í tryggingastærðfræðinni lýsa í tölu líkum á og/eða tíðni tiltekinna atburða. Þær eru grundvöllur útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum er hægt að ætla hverju dánartilviki tilteknar líkur.
- Með frekari töflum getum við ætlað öðrum tryggingartilvikum, eins og til dæmis tilkomu og lokum óvinnufærni eða umönnunarþörf, tíðni dauðsfalla hjá óvinnufærnum og þeim sem umönnunarþurfi eru, endurteknum hjónaböndum og svo framvegis, ákveðin líkindi.

Prósentuhlutur í hagnaði:

Með prósentuhlутum í hagnaði er fundinn út hlutur einstakra trygginga í hagnaði út frá þeim reiknistuðli sem við á hverju sinni og tilgreindur er í tölul. 2.4 í A hluta – þátturinn Ellilífeyrir. Prósentuhlutur í hagnaði eru tilgreindir í ársskýrslunni hverju sinni eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert líftryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Þessi aðili verður að vera áreiðanlegur og hæfur og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingatökum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (11. gr. a laga um tryggingaeftirlit - VAG).

Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem líftryggður er. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingartaki. Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða.

Tryggingartaki:

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskíteininu.

Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingartaka sem viðsemjanda okkar.

Viðbótarbiðtími:

Framlengingartímabilið, það er að segja tímann frá upprunalegu upphafi lífeyristöku fram að frestaða upphafi lífeyristöku nefnum við viðbótarbiðtíma.

Kostnaðaryfirlit tryggingarskilmála C hluta, 3. tölul. „Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu“ EV4074

Allianz Lebensversicherungs AG

Kostnaðaryfirlit tryggingarskilmála C hluta, 3. tölul. „Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu“ EV4074

Eftirfarandi kostnaður gildir, svo framarlega sem gert er ráð fyrir viðkomandi atriðum í tryggingarskilmálum samningsins.

Nr.	Atriði	Upphæð	Krafa
1	Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrita af tryggingarskírteini	20	evrur
2	Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd	3	evrur
3	Úrvinnsla greiðslna í vanskilum	20	evrur
4	Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna	3	evrur
5	Frágangur breytinga á samningi	40	evrur
6	Vinna við afsöл og veðsetningar	25	evrur
7	Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu	15	evrur
8	Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan Þýskalands eða millifærsla bóta frá okkur til staðar utan Þýskalands.	10	evrur

Staða: 1. desember 2011

EV---4074Z0 (000) 12/2011

E---A0070Z0 (027) 06/2013